

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 16. apríl 2018 í máli nr. E-2425/2017:

Lögskil ehf.

*(Björn Ólafur Hallgrímsson lögmaður)*

gegn

Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu

*(Guðrún Sesselja Arnardóttir lögmaður)*

1. Mál þetta var höfðað 6. júlí 2017 og dómtekið 20. mars 2018. Stefnandi er Lögskil ehf., Suðurlandsbraut 48 í Reykjavík og stefndi er embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Hverfisgötu 115 í Reykjavík. Dómari tók við málinu 10. janúar 2018 en hafði fram að þeim tíma ekki haft nein afskipti af meðferð þess.
2. Dómkröfur stefnanda eru að stefnda verði gert að greiða stefnanda 868.176 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr. vaxtalaga af 157.503 krónum frá 9. júlí 2013 til 5. febrúar 2014, en af 222.136 krónum frá þeim degi til 1. febrúar 2016, en af 286.616 krónum frá þeim degi til 2. febrúar 2016, en af 354.196 krónum frá þeim degi til 23. september 2016, en af 421.156 krónum frá þeim degi til 25. maí 2017 en af stefnufjárhæðinni 868.176 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu að mati dómsins. Stefndi krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða honum málskostnað að mati dómsins en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður látinn niður falla.
3. Stefnandi er lögmannsstofa. Starfsmenn stefnanda hafa á undanförunum árum sinnt verjendastörfum við rannsóknir stefnda. Vegna þeirrar vinnu hefur stefnandi gert stefnda reikninga sem hafa tekið mið af tímagjaldi samkvæmt gildandi viðmiðunarreglum um þóknun lögmannna. Við reikningsgerðina hefur verið gerður fyrirvari við tímagjaldið og áskilinn réttur til að krefja stefnda síðar um mismun á gerðum reikningum og tímagjaldi samkvæmt gjaldskrá stefnanda. Þá hefur við reikningsgerðina verið gerð krafa um greiðslu vegna aksturs. Stefndi hefur endursent reikningana með athugasemdum um að ekki væri greitt fyrir akstur innan höfuðborgarsvæðisins og vísað til viðmiðunarreglna

sem í gildi hafa verið á hverjum tíma. Ekki hafa komið fram athugasemdir um réttmæti reikninganna að öðru leyti. Við endursendingu reikningana hefur stefndi óskað eftir að gefnir yrðu út nýir reikningar, sem tækju mið af ákvörðun stefnda. Jafnframt var í tveimur tilvikum óskað eftir að reikningar yrðu gefnir út á aðra kennitölu vegna breytinga á fyrirkomulagi greiðslumála hjá stefnda. Stefnandi hefur hafnað tilmælum stefnda um útgáfu nýrra reikninga. Skömmu áður en mál þetta var höfðað, þann 26. maí 2017, gaf stefnandi svo út viðbótarreikning, með vísan til fyrrnefnds fyrirvara, fyrir mismun á fyrri reikningum sínum og fullri þóknun samkvæmt gjaldskrá sinni.

4. Ekki er ágreiningur með aðilum um að við útgáfu reikninga stefnanda var gerður fyrirvari sem laut að því að tímagjaldið væri of lágt og áskilinn réttur til að krefja stefnda síðar um viðbótarþóknun, sem næmi mismuni á greiddu tímagjaldi og gjaldskrá stefnanda. Þá er óumdeilt að reikningar þessir voru endursendir stefnanda og hann beðinn um að gefa út nýja reikninga í samræmi við það sem stefndi taldi vera rétt. Í greinargerð stefnda komu fram athugasemdir um að í einum af reikningum þeim sem ágreiningur aðila lýtur að væri fólgin endurtekning á fyrri reikningsgerð. Af hálfu stefnanda var á þetta fallist og kröfugerð hans lækkuð til samræmis við það. Er því í málinu ekki framfar ágreiningur um forsendur og fjárhæðir hinna umþrættu reikninga.

#### *Málsástæður stefnanda*

5. Stefnandi telur að reikningar þeir sem hann hefur gefið út á hendur stefnda og sem um er deilt í máli þessu verði að skoðast sem ógreiddar vanskilakröfur á hendur stefnda. Þá telur stefnandi að með því lögmönnum sé samkvæmt 20. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998 skylt að taka við skipun eða tilnefningu sem verjandi eða réttargæslumaður í sakamáli geti stefndi ekki með hætti sem gert hefur verið veigrað sér hjá því að greiða stefnanda þóknun samkvæmt gjaldskrá hans. Vísar stefnandi til þess að slík ráðagerð sem ekki hefði verið afráðin á grundvelli samkomulags aðila fæli sér brot gegn stjórnarskrárvörðum rétti hans til að ráðstafa aflahæfi sínu eins og hann sjálfur kys og bryti því gegn eignarrétti hans og atvinnufrelsi samkvæmt 72. gr. og 75. gr. stjórnarskrár. Þá áréttar stefnandi að ekkert hafi komið fram um að

reikningar hans eða sú gjaldskrá sem þeir eru byggðir á séu ósanngjarnir eða óhóflegir eða úr takti við það sem tíðkast um sambærilega þjónustu. Vísar stefnandi til þess að í 20. og 21. gr. laga nr. 70/2009 sem heimilað hafi ráðherra með reglugerð að mæla fyrir um tímagjald sem tekið skyldi mið af við ákvörðun þóknunar verjenda og réttargæslumanna hafi falist óheimilt valdframsal. Þannig sé ekkert um það fjallað í nefndum lögum á hvaða forsendum eða með vísan til hvaða sjónarmiða ráðherra eigi að ákvarða þóknunina. Þá telur stefnandi að nefnd lagaákvæði sem heimiluðu ráðherra og síðar dómstólaráði (og nú dómstólasýslunni) að setja reglur um tímagjald lögmannna sem taka við skipun eða tilnefningu sem verjandi eða réttargæslumaður feli í sér brot gegn 72. gr. og 75. gr. stjórnarskrár og beri því að virða að vettugi. Þá telur stefnandi að sú þóknun sem lögmonnum hafi verið ákveðin á ofangreindum grundvelli sé alltof lág og taki ekkert mið af raunverulegum kostnaði við rekstur lögmannsstofu. Loks vísar stefnandi til þess að reglur dómstólaráðs (nú dómstólasýslunnar) sem nú séu taldar gildandi hafi aldrei verið birtar með lögformlegum hætti einsog gert sé ráð fyrir í lögum nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað og því þegar af þeirri ástæðu ógildar og að engu hafandi.

#### *Málsástæður stefnda*

6. Stefndi hafnar því að kröfur stefnanda séu ógreiddar vanskilakröfur, sem ekki sé vitað til að neinn efnislegur ágreiningur sé um. Um sé að ræða reikninga sem gefnir hafi verið út með röngum hætti en sem stefnandi hafi neitað að breyta þannig að samrýmdist gildandi reglum. Stefndi telur að stefnanda hefði verið í lófa lagið að lagfæra reikningana í samræmi við áskoranir stefnda þar um, svo stefndi gæti greitt reikningana. Stefnandi hafi hins vegar ákveðið að hafna því að breyta reikningunum og því hafi reikningarnir ekki enn verið greiddir. Stefndi telur ljóst að stefnanda hafi verið fullkunnugt um gildandi reglur um ákvörðun þóknunar verjenda í opinberum málum, enda hafi hann gefið reikningana út í samræmi við það tímagjald sem gilt hafi á hverjum tíma, þótt gerður hafi verið fyrirvari við tímagjalddið. Því hafi stefnanda verið kunnugt um að efnislegur ágreiningur var á milli aðila um hina umdeildu reikninga.

7. Stefndi vísar til þess að með 20. og 21. gr. laga nr. 70/2009 hafi 3. mgr. 38. gr. og 3. mgr. 48. gr. laga nr. 88/2008 verið breytt á þann veg að ráðherra væri heimilt í reglugerð að mæla fyrir um tímagjald sem tekið skyldi mið af við ákvörðun þóknunar verjenda og réttargæslumanna. Lagabreytingin hafi verið gerð í kjölfar efnahagshrunsins, þegar flestir sem störfuðu fyrir ríkið, sem og á almennum vinnumarkaði hafi þurft að sæta launaskerðingum. Stefndi vísar til 3. mgr. 38. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála þar sem segir að þóknun skipaðs eða tilnefnds verjanda greiðist úr ríkissjóði. Þá segi í síðari málslið 3. mgr., eins og ákvæðinu var breytt með 21. gr. laga nr. 78/2015, að dómstólaráð skuli setja reglur um tímagjald sem tekið skuli mið af við ákvörðun þóknunar. Stefndi telur sig því ekkert val hafa um að ákveða að taka ekki mið af viðmiðunarreglum dómstólaráðs þegar þóknun er ákveðin. Þá byggist ákvarðanir stefnda í þessum efnunum á skýrri lagaheimild, birtum viðmiðunarreglum dómstólaráðs (nú dómstólasýslunnar) og áður reglugerð nr. 715/2009. Stefndi hafnar því alfarið að með framangreindum reglum hafi verið brotið gegn stjórnarskrárvörðum rétti starfsmanna stefnanda til að ráðstafa aflahæfi sínu eða að eignarréttindi starfsmannanna séu skert þar sem þeir geti ekki ákvarðað þóknun sína í opinberum málum samkvæmt eigin gjaldskrá. Þó aflahæfi geti notið verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar sé heimilt að setja eignarréttindum takmarkanir, enda byggist þær á almennum efnislegum ástæðum og jafnræðis sé gætt. Telur stefndi að löggjafinn hafi mælt fyrir um að lögmönnum skuli ákveðin þóknun með ákveðnum hætti og að við þá framkvæmd hafi verið byggt á málefnalegum forsendum og lögmætum sjónarmiðum í samræmi við grundvallarreglur stjórnarskrár um meðalhóf og jafnræði. Reglurnar séu almennar og taki til allra í sömu stöðu og bitni ekki óeðlilega þungt á einum eða fáum. Þannig hafi stefnandi ekki sýnt fram á að starfsmenn hans hafi hlotið annars konar afgreiðslu þóknunar en aðrir í sambærilegri stöðu, enda gildi reglurnar um ákvörðun þóknunar allra verjenda og réttargæslumanna. Þá geti ekki talist til eignarréttinda að taka að sér verjendastörf í sakamálum. Stefndi hafi ekki heldur sett atvinnufrelsi starfsmanna stefnanda neinar skorður og þeim sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir hafi gert árum saman. Í raun sé lögmönnum þrátt fyrir ákvæði 20. gr. lögmanna laga í sjálfsvald sett hvort þeir taki að sér verjendastörf. Starfsmenn stefnanda hafi sjálfir kosið að sækjast eftir því að taka slík mál að sér, vitandi sem lögmenn um þau

lagaákvæði og reglur sem gildi um ákvörðun þóknunar. Því eigi rök stefnanda um aflahæfi eða takmörkun atvinnuréttinda sér enga stoð.

8. Stefndi vísar til þess að með 3. mgr. 38. gr. laga nr. 88/2008 þar sem kveðið sé á um að þóknun verjanda greiðist úr ríkissjóði, sé tryggt að sakborningur eigi ávallt kost á að njóta aðstoðar löglærðs verjanda án tillits til efnahags. Í ljósi þess að sakborningi beri að endurgreiða verjandabóknun og annan kostnað vegna varnar í málinu, sé hann sakfelldur fyrir það brot sem honum er gefið að sök sé mikilvægt að lögmönnum sé ekki í sjálfsvald sett hvaða þóknun þeir taka. Þannig telur stefndi að ákvörðun tímagjalds til handa lögmönnum vegna verjendastarfa, sé til almannaheilla. Stefndi telur með vísan til þessa að ekki eigi að öllu leyti við sömu sjónarmið um verjendastörf og önnur störf lögmanna, auk þess sem hafa verði í huga að verjendur fái ávallt greitt fyrir störfin vegna ábyrgðar ríkissjóðs á þeim greiðslum en þetta telur stefndi réttlæta lægra tímagjald en almennt tíðkast.

#### *Niðurstaða*

9. Afstaða stefnda til reikninga stefnanda felur að mati dómsins í sér ákvörðun um þóknun í skilningi 2. mgr. 38. gr. eða eftir atvikum 2. mgr. 48. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þegar stefnda varð ljóst að stefnandi hyggðist ekki una ákvörðun hans eða verða við tilmælum hans um útgáfu nýrra reikninga hefði stefnda verið rétt að láta greiða til stefnanda þann hluta reikninganna sem hann taldi sér skylt að greiða. Þetta kaus stefndi ekki að gera þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli stefnanda sem stefndi svaraði ekki. Dómurinn fellst ekki á að þó stefnandi hafi ákveðið að hafna því að breyta reikningunum hafi stefnda verið rétt að láta nefnda reikninga liggja ógreidda. Stefnanda hefði að sönnu verið í lófa lagið að leggja fyrir héraðsdóm ágreining aðila um þóknun hans eftir ákvæðum 2. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Hann kaus að gera það ekki en ekki verður séð að sú ákvörðun geti að lögum varðað hann réttarspjöllum á nokkurn hátt.
10. Með 20. og 21. gr. laga nr. 70/2009 um ráðstafanir í ríkisfjármálum var 3. mgr. 38. gr. og 3. mgr. 48. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála breytt. Með breytingunni var ráðherra veitt heimild til að ákveða með reglugerð við hvaða tímagjald dómstólar skyldu miða ákvörðun

þóknunar fyrir verjendur og réttargæslumenn. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 70/2009 um ráðstafanir í ríkisfjármálum kemur fram þessi skýring á lagasetningunni; „Um 21. og 22. gr. Samkvæmt 38. gr. laga um meðferð sakamála skal dómari ákveða þóknun skipaðs verjanda í sakamáli. Dómari ákveður þóknun í einu lagi ef sá sem tilnefndur hefur verið verjandi sakbornings á rannsóknarstigi er síðar skipaður til að gegna því starfi en að öðrum kosti skal lögreglustjóri ákveða þóknun tilnefnds verjanda. Í 48. gr. laganna er kveðið á um þóknun réttargæslumanns brotþola og reglurnar samsvara þeim sem gilda um þóknun fyrir verjendur. Þóknun bæði verjenda og réttargæslumanna greiðist úr ríkissjóði. Dómstólaráð hefur sett viðmiðunarreglur fyrir dómara til að fara eftir við ákvörðun þóknunar bæði fyrir verjendur og réttargæslumenn. Hér er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að ákveða með reglugerð við hvaða tímagjald dómstólar skuli miða við ákvörðun þóknunar. Er þetta lagt til í ljósi þess að lækka þarf þann kostnað sem nú greiðist úr ríkissjóði vegna þóknunar verjenda og réttargæslumanna. Nefnd ákvæði laganna nr. 70/2009 öðluðust gildi þann 1. júlí 2009 og þann 20. ágúst 2009 tók gildi reglugerð nr. 715/2009 um tímagjald við ákvörðun þóknunar til verjenda og réttargæslumanna. Í 1. gr. reglugerðarinnar var kveðið á um ákvörðun þóknunar fyrir störf verjenda og réttargæslumanna og skyldi miða við að greiddar yrðu kr. 10.000 fyrir hverja byrjaða klukkustund. Fyrir setningu reglugerðarinnar höfðu verið í gildi viðmiðunarreglur dómstólaráðs sem kváðu á um greiðslu kr. 11.200 fyrir hverja byrjaða klukkustund. Eftir gildistöku reglugerðar nr. 715/2009 tóku viðmiðunarreglur dómstólaráðs mið af þeirri fjárhæð sem ákveðin var í reglugerðinni.

11. Þann 1. september 2014 tók gildi reglugerð nr. 754/2014 sem felldi úr gildi reglugerð nr. 715/2009 um tímagjald við ákvörðun þóknunar til verjenda og réttargæslumanna en tók enga afstöðu til þess hvaða fyrirkomulag um ákvörðun þóknunar skyldi koma í staðinn. Ákvæðum 3. mgr. 38. gr. og 3. mgr. 48. gr. laga nr. 88/2008 var svo breytt með 21. og 22. gr. laga nr. 78/2015 þannig að numið var úr gildi ákvæði um að ráðherra skyldi kveða á um tímagjald í reglugerð, en í staðinn komu fyrirmæli um að dómstólaráð skyldi setja viðmiðunarreglur sem taka skyldi mið af við ákvörðun þóknunar. Síðastnefndu lögini tóku gildi 1. ágúst 2015. Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum

nr. 78/2015 var tekið fram að rétt þætti að breyta ákvæðinu til fyrra horfs og mæla fyrir um að ákvörðun þóknunar tæki framvegis mið af reglum dómstólaráðs um þetta efni. Frá 1. september 2014 er reglugerð nr. 715/2009 var felld úr gildi og fram að gildistöku laga nr. 78/2015 þann 1. ágúst 2015 voru því engin ákvæði í íslenskum lögum um það hvernig þóknun verjenda og réttargæslumanna skyldi ákveðin.

12. Samkvæmt núgildandi lögum um dómstóla nr. 50/2016 hefur ný stofnun, dómstólasýslan, tekið við af dómstólaráði. Dómstólasýslan er sjálfstæð stjórnarsýslustofnun sem annast sameiginlega stjórnarsýslu dómstólanna. Hlutverki dómstólasýslunnar er lýst í lögum og í 8. gr. er tekið fram að meðal hlutverka stofnunarinnar sé; „*Að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla en stjórn dómstólasýslunnar getur ákveðið að slíkar reglur verði bindandi ef þær varða ekki meðferð dómsmáls að því leyti sem dómari ber einn ábyrgð á henni.*“ Á þessum grundvelli hefur stjórn stofnunarinnar sett reglur um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og þóknun til réttargæslumanna o.fl. nr. 11/2018 sem tekið er fram að séu leiðbeinandi. Í 3. mgr. 38. gr. og 3. mgr. 48. gr. laga nr. 88/2008 er svo tekið fram að dómstólasýslan skuli setja reglur um tímagjald sem tekið skal mið af við ákvörðun þóknunar. Í framkvæmd er látið við það sitja að hinar fyrrnefndu leiðbeinandi reglur þjóni um leið sem reglur þær sem sakamálalögin vísa til.
13. Ákvæði 3. mgr. 38. gr. og 3. mgr. 48. gr. laga nr. 88/2008 um að þóknun skipaðs eða tilnefnds verjenda og réttargæslumanns greiðist úr ríkissjóði verður að skoða í samhengi við grunngildi réttarríkisins og réttinn til réttlátrar málsmeðferðar samanber 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og 70. gr. stjórnarskrár. Hugsjón stjórnarskrárgjafans er að stuðla að því og helst tryggja að sakaðir menn njóti fullnægjandi lögfræðilegrar aðstoðar. Ákvæði sakamálalaga miða að þessu. Þó játa megi ríkisvaldinu vald til að setja rétti verjenda og réttargæslumanns til greiðslna úr ríkissjóði mörk verður það aðeins gert að teknu tilliti til hlutverks og inntaks ofangreindra grundvallarreglna.
14. Vafalaust er að löggjafanum væri heimilt að setja reglur um hvernig staðið skuli að ákvörðun um viðmiðun tímagjalds sem stjórnvöld og dómstólar skuli miða við ákvörðun þóknunar verjenda og

réttargæslumanna í sakamálum. Slík reglusetning sýnist líka geta verið skynsamleg og til þess fallin að draga úr réttaróvissu, skapa festu um ákvarðanir þóknunar og koma í veg fyrir að lögmönnum héldist uppi að krefjast óhæfilegrar þóknunar. Setning slíkra reglna eða stjórnvaldsfyrirmæla verður hins vegar einsog endranær að standast formreglur laga og kröfur þær sem stjórnskipun lýðveldisins setur slíkri reglusetningu. Þannig verða ekki settar reglur um viðmið þóknunar verjenda og réttargæslumanna án þess að lagður sé viðhlítandi grundvöllur að reglusetningunni með einhvers konar athugun á grundvelli ákvörðunar þóknunar. Reglur íslensks réttar um ákvörðun þóknunar verjenda og réttargæslumanna hafa að minnsta kosti frá setningu laga nr. 70/2009 um ráðstafanir í ríkisfjármálum ekki staðist slíkar grunnreglur. Með setningu 20. og 21. gr. laga nr. 70/2009 var ákveðið að fela ráðherra vald til að setja reglur um ákvörðun þóknunar verjenda og réttargæslumanna en um leið ákveðið að tilgangur reglusetningarinnar skyldi vera að lækka kostnað ríkissjóðs vegna þóknunar verjenda og réttargæslumanna. Þessi forskrift sem sett er fram sem eini tilgangur reglna sem ráðherranum var gert að setja felur í sér ómálefnalega ætlun eða tilgang lagasetningar og stenst því ekki að lögum. Löglegur tilgangur slíkrar reglusetningar getur í ljósi hlutverks reglna sakamálalaga um rétt sakaðra manna til málsvarnar á kostnað ríkisins aldrei verið sá einn að draga úr greiðslum úr ríkissjóði. Jafnvel þó litið sé til þess að lög nr. 70/2009 voru sett í kjölfar efnahagshrunsins og ríkisvaldinu játað svigrúm til að draga úr kostnaði á grundvelli neyðarréttar getur það ekki undanþegið löggjafann frá því að setja fram viðhlítandi og málefnalegan grundvöll ákvarðanna sinna. Þá er heldur ekki byggt á sjónarmiðum af þessum toga af hálfu stefnda.

15. Ákvæði reglugerðarinnar nr. 715/2009 sem sett var með heimild í lögum nr. 70/2009 um þóknun verjenda og réttargæslumanna virðist ekki hafa byggst ekki á neins konar könnun eða úttekt á þeim atriðum sem hefðu geta skapað málefnalegan grundvöll að slíkri ákvörðun. Engin kjarakönnun var gerð meðal lögmanna og yfirleitt engin tilraun til að ljá ákvörðun um þóknunina hlutlægan grundvöll. Til þess var heldur ekki stofnað þar sem yfirlýst markmið lagasetningarinnar sem reglugerðarheimildin byggðist á var það eitt að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að þóknun verjenda eða réttargæslumanns er ekki aðeins ætlað að tryggja laun hans heldur

einnig allan annan kostnað sem standa þarf að til að rekstur lögmansstofu geti gengið. Þar á meðal laun annarra starfsmanna, aðföng, almennan skrifstofukostnað og svo framvegis. Í ljósi ofangreindra ágalla á reglugerðinni nr. 715/2009 verður ekki talið að hún hafi takmarkað rétt stefnanda til að krefjast sanngjarnrar þóknunar fyrir störf sín. Núgildandi reglur dómstólasýslunnar og áður dómstólaráðs eru leiðbeinandi reglur sem fyrst og fremst geta þjónað sem innanhúss samræmingar- og leiðbeiningarreglur fyrir dómstólanna. Þær reglur sýnast sama marki brenndar og reglugerðin nr. 715/2009 að því er varðar skort á hlutlægum grunni sem þær þyrftu að byggja á. Auk þess eru þær reglur á engan hátt bindandi fyrir stefnanda enda hafa þær ekki reglugerðargildi og hafa aldrei verið birtar sem slíkar.

16. Óumdeilt er að starfsmönnum stefnanda er að lögum skylt að taka að sér hlutverk verjenda og réttargæslumanna í sakamálum. Með þeirri skyldu takmarkar löggjafinn rétt þeirra til að ráðstafa aflahæfi sínu sem nýtur verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrár. Sá málatilbúnaður stefnda að í raun sé lögmönnum þrátt fyrir ákvæði 20. gr. lögmanna laga í sjálfsvald sett hvort þeir taki að sér verjendastörf breytir þessu ekki. Þá er til þess að líta að þó lögmönnum í stærri kaupstöðum kynni að vera kleift að koma sér undan því að gegna hlutverki verjenda og réttargæslumanna í sakamáli þá er alls ekki víst að hið sama gildi á fámennari stöðum þar sem ekki er kostur þjónustu margra lögmanna.
17. Með vísan til framangreinds verður ekki fallist á það með stefnda að mat á þóknun lögmanna fyrir hagsmunagæslu í sakamáli sé byggt á skýrri lagaheimild eða málefnalegum forsendum. Reglurnar sem stefndi telur sig bundinn af geta því ekki haft þýðingu við úrlausn þessa máls. Ekkert er fram komið um að umkrafin þóknun stefnanda sé óhófleg eða úr takti við það sem almennt gerðist um tímagjald lögmanna á þeim tíma er reikningar hans voru gerðir. Ekki er heldur á þessu byggt af hálfu stefnda. Í ljósi þessa verður fallist á kröfur stefnanda eins og nánar greinir í dómsorði. Eftir þessum úrslitum verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað. Ástráður Haraldsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð ;

Stefndi, lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, greiði stefnanda, Lögskilum ehf., 868.176 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr. vaxtalaga af 157.503 krónum frá 9. júlí 2013 til 5. febrúar 2014, af 222.136 krónum frá þeim degi til 1. febrúar 2016, af 286.616 krónum frá þeim degi til 2. febrúar 2016, af 354.196 krónum frá þeim degi til 23. september 2016, af 421.156 krónum frá þeim degi til 25. maí 2017 en af stefnufjárhæðinni 868.176 krónum frá þeim degi til greiðsludags og 1.000.000- króna í málskostnað.